



Að fá að vera í friði

Hugleiðingar um Astrid Lindgren, túlkun barna á friði og jólagjafakaup.

14. nóvember 2007

Hvað segir gjöfin þín?

RATATATATA. „Mamma þú er dauj“. „Jæja, ljósið mitt. Mér sýnist pabbi þinn vera með lífsmarki ennþá. Hana, vittu hvort þú getir ekki gengið frá honum.“

Framundan eru jólin með öllu tilheyrandi og vafalaust margir farnir að huga að jólagjafakaupum. Það má velta því fyrir sér hversu margar plastvélbyssur, gúmmihandsprengjur, harðplastskríðdrekar, að ógleymdum ofbeldisfullum tölvuleikjum, munu rata í pakka litlu sakleysingjanna okkar þetta árið. Mikilvægt er að foreldrar og aðrir spyrji sig að því hvaða áhrif þess konar gjafir hafi á börn og hvaða og hverra gildismat þær endurspegla.

Aldrei ofbeldi

Árið 1978 var Astrid Lindgren veitt Friðarverðlaun þýskra bókaútgefenda á hinni árlegu bókamessu í Frankfurt. Við verðlaunaafhendinguna flutti hún ræðu sem hún kallaði „Aldrei ofbeldi.“ Í ræðu sinni veltir Lindgren því fyrir sér hvort einhver smíðagalli reynist á mannkyninu þar sem það þurfi stöðugt að grípa til vopna eins og linnulaus stríð séu til vitnis um. Hún spyr einnig hvort ekki sé von til þess að mannfólkið geti breytt sér áður en það verður um seinan. Hennar skoðun og niðurstaða er sú að vissulega sé hægt að breyta til og nauðsynlegt sé að beina sjónum að undirstöðunni, að börnunum, því svo læri þau sem fyrir þeim er haft.

Að fá að vera í friði

Í október stóð yfir sýning á teikningum japanskra grunnskólabarna og íslenskra barna á leik- og grunnskólaaldri í aðalsafni Borgarbókasafns í Grófarhúsi. Tilefnið var uppsetning friðarsúlu Yoko Ono í Viðey og var þema myndanna að sjálfsögðu friður. Það var eftirtektarvert hvernig sum íslensku leikskólabörnin túlkuðu þemað. Á meðan myndir eldri barnanna sýndu hið klassíska friðarmerki, handaband ólíkra kynþátta og friðardúfur, sýndu myndir yngri barnanna frið og ró. Texti einnar myndarinnar sagði til dæmis „Þarna er ég alein í friði“, texti annarrar myndar var „Friður er alein kanína“. Sjálfsagt vegna þess að börnin þekktu ekki hugtakið stríð, lögðu þau ekki þá merkingu í orðið frið að það væri andstæða við stríð. Í þeirra augum var friður ekki friðsamleg samskipti heldur það að fá að vera í friði.

Okkar er valið

Túlkun leikskólabarnanna á friði ýtir stoðum undir þá sannfæringu Lindgren að hægt sé að breyta til og hafa áhrif. Það er hægt að velja friðsamlegri leið en þá sem hingað til hefur verið fylgt. Við getum haft áhrif, verið börnum okkar fyrirmynd, við getum unnið að friði og ró og lagt okkar að mörkum til að hlúa að undirstöðunum, styrkja þær og móta. Leyfum börnum okkar að vera í friði, í friðsamri veröld og í friði fyrir öllu því sem viðkemur stríði. Úrval af leikföngum hefur sjálfsagt sjaldan verið meira á Íslandi.

Vöndum valið og gætum þess að jólagjöfin okkar hefur áhrif.